

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda
Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum – fyrri hluti
8. október 2018
kl. 9:00 – 17:00

Ábendingar:

Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.

Vinsamlega notið word- og excel-skjöl sem fylgja fyrir lausnir verkefna, eftir því sem við á.

Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmanns telst hún ógild og prófmaður fallinn.

Ætlast er til að vísað sé til staðla, laga og annarra heimilda eftir því sem tilefni er til hverju sinni. Ekki er nægilegt að vísa til einstakra staðla í heild sinni, heldur er ætlast til að vísað sé til einstakra greina eftir því sem við á.

Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu. Óheimilt er að sækja eða nota önnur rafræn gögn en þau sem eru á heimasvæði prófsins.

Prófmenn eru beðnir um að skila í prófmöppu að prófinu loknu rafrænni úrlausn. Prófmenn bera ábyrgð á vistun úrlausna.

Verkefni 1 – 110 mín.

Sem endurskoðandi stendur þú frammi fyrir eftirtöldum aðstæðum sem allar eru ótengdar innbyrðis, vegna endurskoðunaráritunar á ársreikning 2017. Það skal tekið fram að ekkert af neðangreindum félögum er eining tengd almannahagsmunum (e. PIE).

1. Fyrirtæki A ehf. er félag sem hefur haft þann eina tilgang að reisa og reka kísilmálmverksmiðju í Grænabæ. Bygging verksmiðjunnar hófst á árinu 2016 og var uppsafnaður kostnaður vegna hennar kominn í um 2 milljarða króna í árslok 2016 af áætluðum heildarkostnaði upp á um 10 milljarða króna. Af þessum 2 milljörðum króna hafa um 500 milljónir verið fjármagnaðir með eigin fé en um 1.500 milljónir með lánum frá móðurfélaginu. Ennfremur átti félagið um 100 milljónir króna í handbæru fé í árslok 2016 sem einnig var fjármagnað með lánum frá móðurfélaginu. Handbært fé stóð í um 90 milljónum í lok árs 2017. Í lok árs 2016 ákváðu stjórnendur að stöðva uppbyggingu verkefnisins, meðal annars vegna þess að ekki hefur tekist að ná samningum um kaup á rafmagni sem þarf til starfseminnar né að tryggja fjármagn til að ljúka byggingu hennar. Ákváðu stjórnendur að færa fulla virðisrýrnun á fastafjármunum félagsins í byggingu, í ársreikningi 2016, sem varð til þess að eigið fé félagsins varð verulega neikvætt í árslok 2016 en greint var með ítarlegum hætti frá þessu í skýringum ársreiknings 2016. Á árinu 2017 var enginn rekstur í félaginu og áframhaldandi óvissa um framtíð verkefnisins. Skuldir félagsins eru hins vegar eingöngu við móðurfélagið og lánið er flokkað meðal langtímaskulda í efnahagsreikningi. Það liggur fyrir staðfesting frá stjórn móðurfélagsins um að það hyggist ekki ganga að kröfum sínum og muni eiga félagið áfram meðan unnið er að því að ákvarða næstu skref í rekstri. Sagt er frá þessu með ítarlegum hætti í skýringum í ársreikningnum rétt eins og á fyrra ári. Ársreikningur 2016 var áritaður með fyrirvaralausri áritun með ábendingarmálgrein í skýringu stjórnenda um rekstrarhæfi.
2. Fyrirtæki B ehf. hefur verið í rekstri í nokkur ár og rekið nokkrar verslanir. Í ágúst 2017 tókstu við endurskoðun félagsins fyrir árið 2016 en ársreikningur 2016 var fyrsti endurskoðaði ársreikningur félagsins. Í endurskoðun fyrir árið 2016 gastu ekki staðfest birgðaverðmæti félagsins með fullnægjandi hætti. Í árslok 2017 varstu viðstaddur fyrstu birgðatalningu þína hjá félaginu og tókst úrtaksprófanir sem komu allar mjög vel út, staðfestir magn og kostnaðarverð birgðanna. Mikilvægismörk voru ákvörðuð 50 milljónir, en birgðir félagsins lækkuðu úr 275 milljónum í árslok 2016 niður í 200 milljónir í árslok 2017. Reksturinn gengur vel og hefur félagið verið rekið með hagnaði síðustu ár. Eigendur hafa greitt sér út arð en passað að skilja eftir sjóði og eigið fé til að geta brugðist við skakkaföllum í framtíðinni því hrunárin eru þeim enn í fersku minni.
3. Fyrirtæki C ehf. ætlar á aðalfundi sínum að birta ársskýrslu þar sem ársreikningur fyrirtækisins verður hluti af ársskýrslunni. Hafa engin veruleg atriði komið fram í endurskoðuninni og því fyrirhugað að árita ársreikninginn með fyrirvaralausri áritun á stjórnarfundi á morgun. Hefur stjórn fyrirtækisins óskað eftir því að fá áritunina frá þér í lok dags í dag til yfirlestrar fyrir fundinn á morgun. Aðalfundur félagsins verður haldinn 10 dögum eftir fyrirhugaðan áritunardag. Þú fékkst fyrir í dag í hendurnar fyrsta uppkast af ársskýrslunni sem

ársreikningurinn á að vera hluti af og hefur rennt í gegnum innihald hennar og fjárhæðaupplýsingar. Þú komst auga á misræmi á milli ársskýrslunnar og ársreikningsins og hefur þú komið þeim athugasemdum áleiðis til stjórnenda fyrirtækisins.

4. Fyrirtæki D ehf. er ferðapjónustufyrirtæki í fjölskyldueigu sem hefur notið ævintýralegs vaxtar undanfarin ár, þó heldur hafi dregið úr þeim vexti undanfarið. Á árinu 2017 drógust tekjur eilítið saman á meðan launakostnaður hækkaði umtalsvert sem hafði þau áhrif að hagnaður dróst saman langt umfram áætlanir. Aðrir kostnaðarliðir voru að mestu í takti við væntingar stjórnenda og varð hagnaður félagsins 25 milljónir í stað 75 milljóna áætlunar stjórnar og 85 milljóna króna hagnaðs á árinu 2016. Eigið fé var 101 milljón í árslok 2017 en var 150 milljónir í árslok 2016 en hluthafar greiddu sér 74 milljónir í arð á árinu 2017. Fyrirtækið er með langtímalán við viðskiptabanka til að standa straum af fjárfestingum í búnaði og innviðum og stóðu lánin í 150 milljónum í árslok 2017. Í lánaskilmálum fyrirtækisins kemur fram eftirfarandi takmörkun á útgreiðslu arðs:

„Lántaki skuldbindur sig til þess að greiða ekki út arð til hluthafa nema bókfært eigið fé lántaka sé yfir 100 milljónir hverju sinni samkvæmt síðasta ársreikningi lántaka og verði það áfram eftir arðgreiðsluna.“

5. Fyrirtæki E ehf. er nýr viðskiptavinur í endurskoðun hjá þér en hefur verið endurskoðað til nokkurra ára. Forsvarsmenn fyrirtækisins leituðu til þín í lok febrúar 2018 varðandi endurskoðun ársins 2017. Síðast fyrir 2 árum leitaði fyrirtæki E ehf. til nýrra endurskoðenda og á þeim tíma reyndir þú að ná í verkefnið án árangurs. Áætlað er að árita verkefnið í lok mars 2018. Samkvæmt stjórnendum gekk samstarfið við fyrri endurskoðendur ekki vel og því var ákveðið að leita til þín varðandi endurskoðun ársins 2017. Félagið er dreifingaraðili fyrir lyf og tók í notkun nýtt birgðakerfi. Kerfið heldur utan um pantanir og afgreiðslu og er ætlað að það auðveldi utanumhald til muna á næstu árum. Auk þess er nýja kerfið skilvirkara og öflugra varðandi öryggi upplýsinga og aðgangsheimildir og yfirfærslu gagna í fjárhagskerfi hefur en fyrra kerfi. Fyrirtækið á umtalsvert yfirfæranlegt tap frá fyrri árum en reksturinn var þungur fyrir fimm og sex árum síðan, en hefur batnað verulega, þá sérstaklega sl. tvö ár. Stjórnendur hafa mikla trú á umboði fyrir ný lyf sem þeir fengu seint á síðasta rekstrarári og hafa af þeim sökum ákveðið að færa til bókar tekjuskattseign að upphæð 55 milljónum króna. Telja stjórnendur að afkoman muni snarbatna á næstu tveimur til þremur árum og að aftur verði hægt að greiða út myndarlegan arð til hluthafa eftir örfá ár þegar óráðstafað eigið fé verður aftur til staðar í fyrirtækinu. Fyrirtækið hefur jákvætt eigið fé í árslok 2017 eftir aukningu hlutafjár fyrir fjórum árum síðan. Þú hefur ákvarðað að mikilvægismörk skuli vera 50 milljónir.

Úrlausnarefni:

Fyrir hvert tilvik sem lýst er hér að framan:

- A. Gerðu grein fyrir því hvort þú teljir að viðkomandi aðstæður kalli á að nauðsynlegt sé að víkja frá hefðbundinni fyrirvaralausri áritun. Rökstyddu vel hvers vegna.
- B. Stilltu upp endanlegri áritun í heild sinni fyrir hvert tilvik samkvæmt niðurstöðu þinni í lið A. Við þá vinnu getur þú stuðst við drög að mismunandi stöðluðum áritunum sem þú hefur aðgang að á tölvutæku formi á heimasvæði prófsins. Vandaðu orðalag áritunarinnar.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 2 – 40 mín.

Ýsan ehf. (hér eftir Ýsan) er útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki í Hafnarfirði sem er í viðskiptum hjá endurskoðunarfyrtækinu sem þú starfar hjá. Um er að ræða félag með nokkuð umfangsmikinn rekstur og hefur stefnan verið sett á að skrá hlutafé þess á markað á næstu misserum. Þú ert aðtengiliður Ýsunnar hjá endurskoðunarfyrtækinu. Ýsan hefur keypt ýmsa þjónustu af ykkur, m.a. endurskoðun, skattaráðgjöf og minniháttar lögfræðiráðgjöf. Forsvarsmenn Ýsunnar hafa viljað spara sér sem mest þjónustu lögfræðinga þar sem þeim finnst þeir alltof dýrir og oft flækja einfalda hluti. „Tveir plús tveir eru fjórir og regla er regla, ekkert kjaftæði“ eins og einn eigandi Ýsunnar orðaði það eitt sinn.

Nú hafa forsvarsmenn Ýsunnar enn á ný leitað til þín um ráðgjöf. Óskar Ýsan annars vegar eftir ráðgjöf í tengslum við fyrirhuguð kaup á bifreiðum og hins vegar í tengslum við mögulega skráningu félagsins á markað.

Hjá Ýsunninni vinna u.þ.b. 160 starfsmenn og eiga þeir heima víðsvegar um höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin. Sjómenn fara á og koma af sjó á öllum tímum og fiskvinnsla byrjar aldrei seinna en kl. 6:30 eftir að ákveðið var að byrja fyrir á daginn og oft fyrir en það ef það er mikill fiskur. Starfsfólkið er því mikið á ferðinni utan þess tíma sem almenningsamgöngur eru fyrir hendi og því er til skoðunar að kaupa bifreiðar til að flytja a.m.k. hluta fólksins til og frá vinnu. Til greina koma fólksbifreiðar fyrir allt að 7 farþega, en einnig litlar sendi- og vörubifreiðar sem bæði geta flutt fólk (allt að 4 fyrir utan bílstjóra) og varning í opnu farrými eða á palli. Pallbítlarnir geta þá líka flutt ýmsan varning innan dagsins, bæði fyrir útgerðina og fiskvinnsluna. Forsvarsmenn Ýsunnar velja fyrir sér hvers konar bifreiðir þeir eigi að kaupa, m.a. m.t.t. innskatts. Sú spurning hefur líka komið upp hvort mögulega þurfi að reikna starfsmönnum skattskyld hlunnindi vegna slíks aksturs.

Þá eru stjórnendur Ýsunnar að hugleiða hvaða þýðingu það hefur fyrir félagið í sambandi við stjórnarhætti þess ef það skráir sig á markað. Þeir gera sér grein fyrir því að stjórnun markaðsskráðs félags er annað mál en stjórnun einkafélags, en velja fyrir sér hvaða þýðingu það felur í sér í raun. Þeir velja fyrir sér hvort og þá hvernig lagaskyldan að þessu leyti verður önnur. Þá velja þeir fyrir sér hvort þeir þurfi þá að birta upplýsingar um ófjárhagsleg málefni, eins og umhverfismál og mannréttindamál.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að svara eftirfarandi spurningum í liðum A og B út frá framangreindum forsendum. Rökstyðja skal svör m.a. með vísan til viðeigandi ákvæða laga og reglna:

- A. Hvaða reglur gilda um innskatt af aðföngum er varða öflun og rekstur umræddra bifreiða sem forsvarsmenn Ýsunnar eru að hugsa um að kaupa til að flytja starfsfólk til og frá vinnu? Þyrfti að reikna starfsmönnum skattskyld hlunnindi vegna slíks aksturs?**
- B. Ef hlutafé í Ýsunninni verður skráð á markaði, mun lagaskyldan að því er varðar stjórnarhætti Ýsunnar verða önnur? Mun þurfa að gefa upplýsingar um ófjárhagsleg málefni?**

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 3 – 15 mín.

Sightseeing ehf. er félag í ferðaþjónustu sem er aðallega í eigu einkahlutafélags stofnandans, sem á 92% hlut, en börn hans fjögur eiga hvert um sig 2% hlut.

Í apríl 2018 var ákveðið á aðalfundi í Sightseeing ehf. að félagið myndi úthluta nokkrum arði til hluthafa. Lausafjárstaða félagsins er ekkert sérstaklega góð eins og sakir standa og sér Alma Gunnarsdóttir fjármálastjóri félagsins ekki fram á að geta greitt arðinn út til hluthafa fyrr en í febrúar eða mars á næsta ári. Alma veltir fyrir sér hvort Sightseeing ehf. þurfi að halda eftir staðgreiðslu og skila í ríkissjóð, fjármagnstekjuskatti af arðinum, áður en greiðsla arðsins fer fram, og hvort yfirhöfuð þurfi að halda eftir og skila staðgreiðslu af arðinum til einkahlutafélags stofnandans þar sem það ber hvort eð er engan skatt af arði í álagningu.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að upplýsa Ölmum um þær reglur sem gilda um hvenær Sightseeing ehf. beri að halda eftir og skila staðgreiðslu af arði í því tilviki sem lýst er hér að framan. Vísu skal til viðeigandi ákvæða laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Að því er varðar staðgreiðslu af arði til einkahlutafélags stofnandans er eingöngu óskað eftir almenntri umfjöllun án tilvísunar til lagagreina.

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 4 – 50 mín.

Fyrirtækin Vefur hf. og Myndmál hf. eru stór og öflug fyrirtæki og með hlutabréf skráð á markaði í Kauphöll Íslands. Fyrirtækin starfa á ólíkum markaði en forráðamenn þeirra telja að væru þessi fyrirtæki sameinuð gæti það gefið aukinn slagkraft og stækkunarmöguleika sem þau hefðu ekki sitt í hvoru lagi. Því hafa fyrirtækin verið í sameiningarviðræðum um nokkurt skeið, sem enduðu með samningi þann 1. júlí síðast liðinn.

Samingurinn hljóðar upp á að Vefur hf. kaupi allt hlutafé í Myndmáli hf. og greiði fyrir það með því að gefa út nýtt hlutafé í Vef hf.

Efnahagsreikningar fyrirtækjanna Vefs hf. og Myndmáls hf. fyrir sameiningu (og fyrir útgáfu nýs hlutafjár í Vef hf.) er eftirfarandi:

	Vefur hf.	Myndmál hf.
Eignir:	Í millj. kr.	Í millj. kr.
Veltufjármunir	400	700
Fastafjármunir	1.300	3.000
Eignir samtals	1.700	3.700
Skuldir:		
Skammtímaskuldir	300	600
Langtímaskuldir	400	1.100
Skuldir samtals	700	1.700
Eigið fé		
Hlutafé:		
90 milljónir hluta pr 1 kr.	90	
90 milljónir hluta pr 1 kr.		90
Óráðstafað eigið fé	910	1.910
Eigið fé samtals	1.000	2.000
Skuldir og eigið fé samtals	1.700	3.700

Vefur hf. gaf út 1,5 hluti í skiptum fyrir hvern hlut í Myndmáli hf. 1. júlí 2018. Allir hluthafar í Myndmáli hf. skiptu á hlutum sínum fyrir hluti í Vef hf. Vefur hf. gaf út 135 milljónir hluta í skiptum fyrir alla 90 milljónir hluta í Myndmáli hf. Vefur hf. átti þar með 100% í Myndmáli hf. Ný stjórn var kjörin hjá Vef hf. og voru þrír stjórnarmenn úr stjórn Myndmáls hf. eins og hún var áður kjörnir í nýju stjórnina og tveir úr stjórn Vefs hf. eins og hún var áður.

Eins og fyrr sagði þá eru bæði fyrirtækin skráð á markað. Skráð markaðsverð hvers hlutar í Myndmáli hf. 1. júlí 2018 var kr. 25 á hlut, og skráð markaðsverð á hlutabréfum í Vef hf. þann sama dag var kr. 15 á hlut.

Gangvirði aðgreinanlegra eigna og skulda beggja félaganna þann 1. júlí 2018 var það sama og bókfært verð þeirra, að undanskildum fastafjármunum Vefs hf., gangvirði þeirra var kr. 1.500 milljónir.

Úrlausnarefni:

Verkefni þitt er að setja upp stofnefnahagsreikning sameinaðs félags þann 1. júlí 2018.

Svarið í excel svarskjal

Verkefni 5 – 30 mín.

Sailing on sea ehf. starfar í skiparekstri og stefnir á skráningu á hlutabréfamarkað. Fyrirtækið keppist nú við að afla sér brúarláns, með skuldabréfaútbóði, fyrir starfsemina áður en hægt verður að ganga í það stóra verkefni að undirbúa formlega skráningu á hlutabréfamarkað. Fyrirtækið hefur því óskað eftir könnuðu milliuppgjöri 30.6.2018 sem senda þarf til væntanlegra fjárfesta í skuldabréfaútbóði. Gríðarleg hækkun á eldsneytiskostnaði hefur haldið áfram á yfirstandandi rekstrarári og erfiðlega hefur gengið að hækka meðalverð farmgjalda. Nýting á flutningarými er áfram mjög góð, eigið fé var jákvætt í árslok 2017 og var ársreikningur 2017 áritaður með fyrirvaralausri áritun. Stjórnendur eru með áætlun í vinnslu og er unnið ötullega eftir henni. Meðal atriða þar er að afla brúarláns og endurfjármagna skuldir. Mikið hefur verið fjallað um fyrirhugað skuldabréfaútböð fyrirtækisins í fjölmiðlum og sitt sýnist hverjum um hvort fyrirtækinu muni takast að afla sér fjármagns til áframhaldandi reksturs. Helstu tölur úr rekstri eru eftirfarandi:

- Hækkun tekna á tímabilinu janúar til júní 2018 er 35%.
- Eigið fé 31.12.2017 var USD 40 milljónir.
- Taprekstur fyrstu 6 mánuði 2018 nam USD 30 milljónum.
- Viðskiptakröfur og handbært fé 30.6.2018 nema USD 110 milljónum.
- Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir 30.6.2018 nema USD 120 milljónum.
- Skammtímahluti langtímaskulda sem kemur til greiðslu á seinni hluta árs 2018 nemur USD 15 milljónum.

Úrlausnarefni:

- A. Gerðu grein fyrir því hvort þú teljir að viðkomandi aðstæður kalli á að nauðsynlegt sé að víkja frá hefðbundinni könnunaráritun. Rökstyddu vel hvers vegna.**
- B. Stilltu upp endanlegri áritun í heild sinni samkvæmt niðurstöðu þinni í lið A. Við þá vinnu getur þú stuðst við drög að mismunandi stöðluðum áritunum sem þú hefur aðgang að á tölvutæku formi á heimasvæði prófsins. Vandaðu orðalag áritunarinnar.**

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 6 – 30 mín.

Þú og aðstoðarmaður þinn eruð að vinna að endurskoðun á ársreikningi félagsins Gagnagreind ehf. vegna ársins 2017. Gagnagreind ehf. er hugbúnaðarframleiðandi með háleit markmið og hafa stjórnendur félagsins mikla trú á nýju fjárhagskerfi sem þeir eru að þróa sem og þeim skýrslum og talnagreiningum sem kerfið hefur upp á að bjóða. Gagnagreind ehf. notar þetta nýja kerfi til að færa sitt eigið bókhald. Telja stjórnendur Gagnagreindar ehf. að margvíslegar skýrslur og talnagreiningar úr fjárhagskerfinu um rekstur fyrirtækisins á árinu ættu að nýtast vel við endurskoðunina. Þú telur það einnig tímabært að hugleiða þá þróun sem er að verða í endurskoðunarfræðum og reyna að nýta þá möguleika sem fjárhagskerfið hefur upp á að bjóða. Setur þú aðstoðarmanni þínum fyrir að yfirfara áreiðanleika þessara skýrslna og talnagreininga og að sannreyna þessi gögn og upplýsingar til að nýta við endurskoðunina. Þar sem aðstoðarmaðurinn er ekki alveg með það á hreinu hvað er verið að fara fram á óskar viðkomandi eftir því við þig að þú setjir fram skýrar leiðbeiningar og endurskoðunarfyrirmæli um hvernig eigi að fara með þessar upplýsingar sem verða til hjá fyrirtækinu (e. Information Produced by Entity).

Úrlausnarefni:

Settu fram ítarlegar leiðbeiningar og endurskoðunarfyrirmæli um hvernig aðstoðarmaður þinn eigi að fara með og yfirfara upplýsingar sem verða til hjá fyrirtækinu og áreiðanleika þeirra og hvort upplýsingarnar nýtist við frekari endurskoðunaraðgerðir.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem við á.

Svarið í word-svarskjali:

Verkefni 7 – 40 mín.

Verktakafyrirtækið JKS byggingar ehf. (hér eftir JKS) er viðskiptavinur þinn. Fjármálastjóri JKS boðar þig á fund til skrafs og ráðagerða vegna fyrirhugaðrar endurskipulagningar rekstrarins. Fundurinn er haldinn í húsnæði JKS og á fundinum eru auk ykkar fjármálastjórans, framkvæmdastjóri JKS og fulltrúar og ráðgjafar fyrirtækisins Poznan tæki ehf. (hér eftir Poznan).

Ýmsar hugmyndir eru ræddar en allar ganga þær út á að JKS verði skipt þannig að Poznan taki yfir hluta eigna og skulda JKS, þannig að uppfyllt verði ákvæði 107. gr. a laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, og 52. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Við fyrirhugaða skiptingu mun nokkurt eigið fé, bæði reikningshaldslegt og skattalegt, flytjast frá JKS til Poznan. JKS á uppsafnað skattalegt tap frá fyrri árum. Jón er eini eigandi JKS, en pólverjinn Lech er eini eigandi Poznan. Í kjölfar skiptingarinnar er gert ráð fyrir að Jón selji hlutina sem hann fær í Poznan við skiptinguna til Lech, til að halda eignarhaldinu aðskildu. Fundarmenn hafa heyrt um að félag sem tekur þátt í slíkri skiptingu þurfi mögulega að bera ábyrgð á skuldum annarra félaga sem taka þátt í skiptingunni.

Fundarmenn líta til þín sem sérfræðings á þessu sviði, en þegar komið er að því að krefja þig um svör, er ákveðið að taka matarhlé. Þar með færð þú dálítinn tíma til að undirbúa svör. Þú reynir að hringja í samstarfsmann þinn, Ásbjörn Lúðvík Gunnarsson, sem þú hefur oft treyst á í svona málum og er annálaður skattamaður, en hann svarar ekki. Þú verður því að treysta á sjálfan þig.

Verkefni þitt er að svara eftirfarandi spurningum í liðum A-C út frá framangreindum forsendum. Rökstyðja skal svör m.a. með vísan til viðeigandi ákvæða laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, og 52. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt:

- A. Hafa fyrirhuguð skipti sem slík í för með sér skattskyldar tekjur fyrir hluthafa JKS sem lætur hluti í JKS af hendi? Færast eignir og skuldir frá JKS til Poznan á bókfærðum verðum? (16 mín.)**
- B. Hvað verður um uppsafnað skattalegt rekstrartap JKS til Poznan? (12 mín.)**
- C. Ber hvort félag um sig mögulega ábyrgð á skuldbindingum hins? (12 mín.)**

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 8 – 50 mín.

- A. Blakkur ehf. er íslenskt fjárfestingarfélag sem hefur stýrt dótturfélögum staðsettum í Hollandi og í Kína með ágætum árangri síðast liðin 10 ár. Blakkur ehf. hefur gert upp samkvæmt alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum, IFRS, undanfarin ár.

Snemma árs 2018 er félagið vel á veg komið við að búa til samstæðureikning sinn fyrir árið 2017 og leitar til þín sem sérfræðings í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum um aðstoð við að fara yfir samstæðureikninginn (fylgiskjal 1), til þess að vera viss um að allt sé rétt gert.

Samstæðureikningurinn er mjög einfaldur í uppsetningu. Fjármálastóri Blakks ehf. fékk tilbúið uppgjör fyrir félögin í Hollandi og í Kína og þar sem það voru engin viðskipti á milli félaganna, þá voru samstæðufærslur eins einfaldar og hugsast getur og skýringar voru vel settar upp og viðeigandi. Því hafðir þú engar athugasemdir við drögin.

Í yfirferð yfir drögin að samstæðureikningnum með fjármálastjóra fyrirtækisins getur hann þess að félagið vilji hætta að beita alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum við gerð ársreiknings 2018 og spyr þig hvort það sé einhverjum vandkvæðum bundið.

Úrlausnarefni (10. mín.):

Verkefni þitt er að:

Upplýsa fjármálastjóra Blakks ehf. um það hvernig félagið eigi að snúa sér í að hætta að beita alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum á árinu 2018 og reifa hugsanleg álitamál tengd því.

- B. Þegar þú spyrð fjármálastjóran hvers vegna Blakkur ehf. vilji hætta að nota IFRS, þá svarar hann því til að samstæðan verði nú væntanlega miklu minni á árinu 2018 þar sem félagið í Hollandi verði að öllum líkindum selt á því ári. Þegar þú spyrð hann nánar um þetta, þá upplýsir hann að stjórn Blakks ehf. hafi tekið þá ákvörðun í lok desember 2017 að setja félagið í Hollandi í sölufæri, meðal annars af því að þá þegar höfðu nokkrir aðilar sýnt mikinn áhuga á félaginu og líst áhuga á að gera í það tilboð.

Rekstur dótturfélagsins í Hollandi hefur gengið vel og var t.d. nýlega gert virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild félagsins sem kom vel út og engin virðisrýrnun færð. Þá er verið að skoða að selja húsnæði félagsins í Amsterdam og kaupa nýtt sem hentar betur. Það stendur þó í forráðamönnum félagsins þar sem í augnablikinu er markaðsverð húsnæðisins 5 milljónum lægra en bókfært verð, því hefur sölu þess verið frestað.

Úrlausnarefni (40 mín.):

Verkefni þitt er að:

Upplýsa fjármálastjóran um það hvort ofangreinda ákvarðanir stjórnar breyti einhverju við gerð samstæðureiknings Blakks ehf fyrir árið 2017. Gerðu nauðsynlegar breytingar á meðfylgjandi drögum að rekstrar- og

efnahagsreikningi og sjóðstreymi (sjá forskj. 1), ef þú telur að einhverra breytinga sé þörf í ljósi nýrra upplýsinga, og settu upp þær skýringar sem þú telur þörf á.

Svarið í word-svarskjali og/eða excel-svarskjali

Verkefni 9 – 50 mín.

A. Fyrirtækið Miklasel ehf. er framleiðslu- og innflutningsfyrirtæki með öflugra sölustarfsemi bæði í heild- og smásölu. Fyrirtækið gerir upp skv. IFRS og nýtir sér ýmsa fjármálagerninga í rekstrinum til að ná fram hagkvæmni. Vegna upptöku IFRS 9 *Fjármálagerningar*, í byrjun árs 2018 óskar fjármálastjóri Miklasels ehf. eftir upplýsingum um það hvernig flokkun og mati fjármálagerninga verði háttáð í aðgreindum reikningsskilum fyrirtækisins samkvæmt staðlinum.

Úrlausnarefni (15 mín.):

Verkefni þitt er að:

Setja upp drög að greinargerð til fjármálastjóra Miklasels ehf. með almennri umfjöllun um það hvernig flokkun og mati fjármálagerninga er háttáð samkvæmt IFRS 9. Rökstyðjið mál ykkar með tilvísun í viðeigandi greinar í staðlinum.

B. Fjármálastjóri Miklasels ehf. er einnig að velta fyrir sér hvort fyrirtækið eigi að hætta að beita IFRS. Hann biður þig um að setja á blað hvaða munur er á meðferð fjármálagerninga samkvæmt ársreikningalögum annars vegar og IFRS 9 hins vegar.

Úrlausnarefni (15 mín.):

Verkefni þitt er að:

Setjið upp drög að greinargerð til fjármálastjóra Miklasels ehf. um það hvernig flokkun og mati fjármálagerninga samkvæmt ársreikningalögum er háttáð. Dragið einnig skýrt fram fyrir fjármálastjórann hvaða munur er á flokkun og mati fjármálagerninga samkvæmt ársreikningalögum annars vegar og IFRS 9 hins vegar (sbr lið A).

C. Miklasel ehf. er með margskonar fjármálagerninga og biður þig um aðstoð við flokkun og mat er fyrir hvern þessara gerninga í milliuppgjöri sínu 30. júní 2018. Milliuppgjörin eru aðgreind reikningsskil félagsins.

Úrlausnarefni (20 mín.):

Verkefni þitt er að:

Farið yfir neðangreinda fjármálagerninga og gerið tillögu að flokkun þeirra og mati skv. IFRS 9 miðað við þær upplýsingar sem eru gefnar um hvern þeirra.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur voru 400 milljónir króna að nafnvirði þann 30. júní 2018 í milliuppgjöri. Sumar þeirra eru kröfur sem fyrirtækið innheimtir sjálf en annað eru kröfur sem verða seldar til kröfukaupafyrirtækja. 50% af nýjum kröfum eru innheimtar af innheimtudeild Miklasels ehf., en 50% eru seldar kröfukaupafyrirtækjum fyrir 85% af nafnverði þannig að öll áhætta og væntur ávinningur færast yfir til kröfukaupafyrirtækjanna. Með þessu telja stjórnendur Miklasels ehf. að sjóðsflæði fyrirtækisins haldist nokkuð stöðugt.

Hlutabréf

Miklasel ehf. átti þann 30. júní 2018 hlutabréf að nafnvirði 20 milljónir króna en að gangvirði 100 milljónir króna. Hlutabréf að nafnvirði 10 milljónir króna gefa ítök í stjórnnum þeirra félaga sem Miklasel ehf. hefur nýtt sér. Hlutdeild í eigin fé félaganna er 48 milljónir og gangvirði er 52 milljónir. Þó að Miklasel ehf. hafi keypt þessa hluti til að hafa áhrif á stefnu félaganna sér til hagsbótar, þá er því samt sem áður haldið opnu að selja þessi hlutabréf ef gott verð fæst fyrir þau. Önnur hlutabréf voru keypt til þess að festa laust fé. Stjórnendur Miklasels ehf. vilja ekki að verðbreytingar á þeim hlutabréfum, sem keypt voru til að festa laust fé, hafi áhrif á rekstrarreikning fyrir en við sölu þeirra.

Skuldabréf

Miklasel ehf. átti skuldabréf þann 30. júní 2018 sem voru bókfærð á 250 milljónir króna. Skuldabréf, sem voru bókfærð á 100 milljónir króna þann 30. júní 2018, eru með breytilegum markaðsvöxtum en eru einnig með ákvæðum um vaxtagreiðslu tengda hlutabréfaverði í kauphöll. Miklasel ehf. hefur aðgreint þessa tengingu frá skuldabréfinu og fært sem afleiðu, að gangvirði 30 milljónir króna þann 30. júní 2018. Öll skuldabréf í eigu fyrirtækisins voru keypt til að festa lausafé og ávaxta það fram á lokagjalddaga þeirra.

Lán til dótturfélags

Miklasel ehf. veitti dótturfélagi sínu lán fyrir á árinu 2018 að fjárhæð 70 milljónir króna til kaupa á fjárfestingareign. Allur höfuðstóll lánsins verður greiddur í heild sinni annað hvort þegar fjárfestingareignin verður seld eða ef dótturfélagið verður selt. Vextir eru reiknaðir af láninu að fullu og greiddir mánaðarlega. Vextir eru breytilegir markaðsvextir.

Afleiður

Fyrirtækið er með afleiðusamningar að gangvirði 100 milljónir króna sem eru til að verja það fyrir gengisbreytingum vegna erlendra innkaupa. Fyrirtækið beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 10 – 40 mín.

Mindgames hf. hefur verið í forgrunni tölvuleikjapróunar á Íslandi og er framleiðandi nokkurra vinsælla tölvuleikja og netleikja og rekur skrifstofur víðs vegar um heiminn. Mindgames hf. á og rekur nokkur dótturfélög sem hafa ýmist verið stofnuð af Mindgames hf. eða keypt, bæði héraðs og erlendis. Mindgames hf. hefur útbúið ársreikninga fyrir bæði samstæðu og móðurfélag í samræmi við lög um ársreikninga. Á síðasta ári var fyrirtækið ekki skilgreint sem eining tengd almannahagsmunum og flokkaðist sem meðalstórt félag. Félagið á í þónokkrum viðskiptum við dótturfélög sín en hafði um síðustu áramót ekki klárað tilheyrandi skjölun um milliverðlagningu.

Fyrirtækið var nýlega keypt af erlendri samsteypu sem er skráð á markaði í Bretlandi og Asíu og hefur höfuðstöðvar í Írlandi og skilar lögboðnum samstæðureikningi þar í landi. Mindgames hf. hefur í gegnum árin átt í umtalsverðum viðskiptum við nýjan eiganda og varð það nú til þess að hann ákváð að kaupa fyrirtækið fyrir áframhaldandi útrás á nýja og stærri markaði fyrir báða aðila. Nú er teymi frá nýjum eiganda að koma til landsins til að yfirfara uppgjörs og endurskoðunarmál, kynna sér íslensk lög og reglur og hvað er verið að gera til að tryggja að fyrirtækið Mindgames hf. fari eftir þeim.

Stjórnendur Mindgames hf. hafa því óskað eftir því við endurskoðanda félagsins að viðkomandi sitji með þeim þessa vinnufundi með nýjum eiganda og aðstoði við að svara spurningum sem stjórnendur telji sig ekki geta svarað.

Á yfirstandandi ári hefur mikil vinna farið fram vegna nýrrar persónuverndarlöggjafar og telja stjórnendur að innleiðing gangi vel og verði að fullu lokið fyrir árslok. Þess fyrir utan fjárfestir fyrirtækið miklum fjármunum og tíma í að treysta og tryggja tölvuumhverfi sitt og minnka áhættuna á tölvuárásum því fyrirtækið rekur mikið af þjónustu sinni á internetinu og eru ríkir hagsmunir þar fyrir félagið.

Úrlausnarefni:

Endurskoðandi félagsins biður þig að taka saman punkta og álitamál sem gætu haft áhrif á næsta ársuppgjör og endurskoðun, út frá ofangeindum texta, sem hægt væri að fara yfir með stjórnendum Mindgames hf. og nýjum eiganda og væru viðeigandi að fara yfir og ræða á fyrirhuguðum vinnufundi.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali

Verkefni 11 – 25 mín.

Á félagsfundum sem haldinn var hjá Félagi löggiltra endurskoðenda nýlega voru umræður um endurskoðunarskyldu fyrirtækja og ábyrgð. Á fundinum voru mjög skiptar skoðanir um það hver væri ábyrgð stjórnenda fyrirtækja og hver væri ábyrgð endurskoðenda við að framfylgja lögum um ársreikninga og endurskoðunarskyldu. Í framhaldi af fundinum kom formaður Félags löggiltra endurskoðenda að máli við þig. Hann óskaði eftir því að þú tækir saman minnisblað sem hægt væri að senda á alla félagsmenn um helstu lög, reglur og kröfur sem varða endurskoðunarskyldu, ábyrgð stjórnenda fyrirtækja og hver væri ábyrgð endurskoðenda.

Úrlausnarefni:

Taktu saman stutt og greinargott minnisblað sem hægt væri að dreifa til allra félagsmanna Félags löggiltra endurskoðenda um helstu lög, reglur og kröfur sem gerðar eru til stjórnenda fyrirtækja og endurskoðenda ásamt ábyrgð hvors aðila fyrir sig.

Rökstyddu svarið með tilvísun í lög, reglur, staðla eða önnur gögn eftir því sem þú telur ástæðu til.

Svarið í word-svarskjali